

Greinargerð faghóps 1 í 6. áfanga rammaáætlunar: Afturköllun friðlýsinga, maí 2026.

Á grundvelli dóms Hæstaréttar nr. 36/2023 hinn 27. mars 2024 voru friðlýsingar átta svæða gegn orkuvinnslu skv. lögum um rammaáætlun afturkallaðar. Ákvörðunin grundvallaðist á því að afmörkun svæðanna hefði ekki fylgt með þingsályktun nr. 13/141 sem samþykkt var á Alþingi í janúar 2013 heldur verið gerð löngu síðar, í aðdraganda friðlýsingar. Þannig hafi friðlýsingin farið í bága við lög um rammaáætlun nr. 48/2011.

Dómurinn gildi um Jökulsá á Fjöllum en í framhaldinu ákvað ráðherra að afnema friðlýsingar fleiri svæða á sama grundvelli. Svæðin eru eftirfarandi – ef um fleiri en eina virkjunarhugmynd er að ræða eru þær tilteknar innan sviga, sömuleiðis ef fleiri friðlýsingar gilda um viðkomandi svæði:

- Jökulsá á Fjöllum (Arnardalsvirkjun, Helmingsdalsvirkjun)
- Geysir (einnig friðlýstur sem náttúruvætti 2020)
- Kerlingarfjöll (Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar, Þverfell. Einnig friðlýst sem landslagsverndarsvæði 2020)
- Brennisteinsfjöll
- Gjástykki
- Hólmsá – Hólmsárvirkjun við Einhyrning með miðlun
- Jökulfall og Hvítá (Gýgjarfossvirkjun, Bláfellsvirkjun)
- Tungnaá (Tungnaárlón, Bjallavirkjun)

Friðlýsingin byggði á niðurstöðum faghópa og röðun verkefnisstjórnar í verndarflokk í öðrum áfanga rammaáætlunar 2007-2011.

Til að undirbúa nýja þingsályktunartillögu þar sem farið yrði að dómi Hæstaréttar fól verkefnisstjórn faghópum að meta hvort slíkar forsendubreytingar hefðu orðið frá því faghópar mátu þessa kosti að þörf væri á að endurtaka fyrra mat.

Meðlimir faghóps 1 í 6. áfanga rammaáætlunar hafa farið yfir aðferðafræði fyrir öll viðföng sem fengist er við innan hópsins og borið hana saman fyrir 2. og 5. áfanga. Niðurstaðan er sú að aðferðafræði er í meginatriðum óbreytt. Þetta á við um skilgreiningar viðfanga og undirviðfanga, viðmið og vægi. Lítilsháttar breytingar hafa verið gerðar til að skerpa á aðferðafræði. Þannig eru dæmi um að undirviðföng hafi verið sameinuð og nákvæmari skilgreiningar orðið til á viðmiðum (t.d. fágæti, auðgi) til að styrkja rökstuðning matsins. Auk þessa hafa verið gerðar rannsóknir á vegum faghóps 1 sem hafa snúist um að þróa matsaðferðir og viðeigandi gagnaöflun fyrir viðmið viðfanganna landslags og víðerna. Aðferðafræðin hefur því þroskast með aukinni þekkingu eins og eðlilegt er.

Hópnum er ekki kunnugt um að þær breytingar hafi orðið á svæðunum sem gætu gefið tilefni til að endurskoða mat þeirra síðan í 2. áfanga.

Niðurstaða: Meðlimir faghóps 1 í 6. áfanga rammaáætlunar telja ekki að slíkar breytingar hafi orðið á aðferðafræði hópsins síðan í 2. áfanga að þörf sé á að endurtaka fyrra mat. Aðrar breytingar sem orðið hafa á tímabilinu, svo sem á lagaumhverfi og á sviði þekkingaröflunar, hafa þroskað aðferðafræðina en teljast ekki forsendubreytingar að mati faghópsins.